

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, (desemberuppbót).

Frá félags- og vinnumarkaðsráðherra.

1. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. 33. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 33. gr. laganna kemur ný grein, 33. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Desemberuppbætur á grunntatvinnuleysisbætur.*

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og staðfestir atvinnuleit á tímabilinu 20. nóvember til 3. desember skal eiga rétt á sérstakri desemberuppbót á grunntatvinnuleysisbætur á sama ári í samræmi við lengd þess tíma sem hann hefur verið skráður án atvinnu á því ári sem um ræðir hverju sinni sem og tryggingahlutfall viðkomandi á þeim tíma.

Hámarksfjárhæð desemberuppbótar skv. 1. mgr. skal nema 30% af óskertum grunntatvinnuleysisbótum skv. 33. gr. Lágmarksfjárhæð desemberuppbótar skal nema 25% af hámarksfjárhæð desemberuppbótar skv. 1. málsl.

Vinnumálastofnun skal greiða út desemberuppbætur á grunntatvinnuleysisbætur eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu desemberuppbótar á grunntatvinnuleysisbætur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Frumvarpið er samið í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í samráði við nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, í heild sinni. Nefndin er skipuð fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Vinnumálastofnun. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu eru aftur á móti þess efnis að ekki þykir rétt að bíða með þær þar til framangreindri heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar lýkur.

### 2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að ákveða í reglugerð að greiddar séu desemberuppbætur til þeirra sem teljast tryggðir samkvæmt lögum að fengnu

samþykki ríkisstjórnar hverju sinni. Á undanförunum árum hafa slíkar reglugerðir verið birtar ár hvert þar sem kveðið hefur verið á um greiðslu desemberuppbóta til þeirra sem teljast tryggðir samkvæmt lögnum. Reglugerðirnar hafa verið settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 33. gr. laganna en í lokamálslið ákvæðisins kemur fram að ráðherra sé „heimilt að ákveða í reglugerð, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiddar séu sérstakar desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur í lok hvers árs að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum.“

Með frumvarpi þessu er lagt til að í lögnum verði skýrt kveðið á um að greiða skuli desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur þannig að ekki leiki vafi á að slíkar uppbætur verði greiddar á ári hverju, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt en gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð með nánari skilyrðum.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í nýrri 33. gr. a í lögnum verði kveðið á um að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og staðfestir atvinnuleit á tímabilinu 20. nóvember til 3. desember skuli eiga rétt á sérstakri desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur á sama ári í samræmi við lengd þess tíma sem hann hefur verið skráður án atvinnu á því ári sem um ræðir hverju sinni sem og tryggingahlutfall viðkomandi á þeim tíma. Jafnframt er gert ráð fyrir að hámarksfjárhæð desemberuppbótar skuli nema 30% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum á ári hverju og að lágmarksfjárhæð skuli nema 25% af hámarksfjárhæð desemberuppbótar. Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun skuli greiða út desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur eigi síðar en 15. desember ár hvert. Þá er lagt til að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu desemberuppbótar á grunnatvinnuleysisbætur.

### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarps þessa gefur ekki tilefni til sérstaks mats á samræmi við ákvæði stjórnarskrár eða alþjóðlegar skuldbindingar.

### 5. Samráð.

Frumvarp þetta var samið í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í samráði við nefnd sem hefur það hlutverk að taka lög um atvinnuleysistryggingar til heildarendurskoðunar en nefndin er skipuð fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Vinnumálastofnun.

Hinn 25. ágúst 2022 voru drög að frumvarpinu kynnt í opnu umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. XX/2022) þar sem almenningi gafst kostur á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. **[Í vinnslu]**

Þá voru áform um gerð frumvarpsins kynnt öðrum ráðuneytum.

### 6. Mat á áhrifum.

Fjárhagsáhrif þeirra breytinga, sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu, á ríkissjóð geta verið breytileg eftir því hvernig þróun atvinnuleysis er á ári hverju. Undanfarin ár hefur framkvæmd fjárlaga gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði verið þannig að við mat á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur verið gert ráð fyrir kostnaði vegna desemberuppbóta. Ef stefnt hefur í halla hjá sjóðnum við endurmat útgjalda ársins miðað við

forsendur fjárlaga, svo sem vegna aukins atvinnuleysis, hefur verið brugðist við því með tillögu um aukna fjárheimild í frumvarpi til fjárukalaga hverju sinni.

Ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði þar sem breytingunum er ætlað að gilda um alla sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun og uppfylla skilyrði fyrir greiðslu desemberuppbótar á grunnatvinnuleysisbætur, óháð kyni. Þó má ætla að fyrirhugaðar breytingar muni almennt hafa meiri áhrif á karla en konur en samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hefur fleiri körlum verið greidd desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur en konum undanfarin ár. Í því sambandi má nefna að í lok nóvember árið 2021 voru 10.115 einstaklingar skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun, þar af 5.719 karlar og 4.436 konur. Þá er atvinnuþátttaka karla á íslenskum vinnumarkaði hærri en kvenna og því eru karlar hlutfallslega fleiri en konur á vinnumarkaði.

Þar sem þeim breytingum sem frumvarp þetta mælir fyrir um er ætlað að gera stjórnsýslu og framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar fyrirsjáanlegri en nú er má ætla að áhrifin verði jákvæð fyrir alla þá sem skráðir eru án atvinnu hverju sinni, óháð kyni.

#### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

##### *Um 1. gr.*

Í lokamálslið 3. mgr. 33. gr. laganna er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að ákveða í reglugerð, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiddar séu sérstakar desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur í lok hvers árs að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Hér er lagt til að framangreint ákvæði laganna falli brott. Er það lagt til í samræmi við þær breytingar á lögunum sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarps þessa.

##### *Um 2. gr.*

Hér er lagt til að í nýrri 33. gr. a í lögunum verði skýrt kveðið á um rétt þess sem telst tryggður samkvæmt lögunum til greiðslu desemberuppbótar á grunnatvinnuleysisbætur, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Lagt er til að í 1. mgr. verði kveðið á um að sá sem telst tryggður samkvæmt lögunum og staðfestir atvinnuleit á tímabilinu 20. nóvember til 3. desember skuli eiga rétt á sérstakri desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur á sama ári í samræmi við lengd þess tíma sem hann hefur verið skráður án atvinnu á því ári sem um ræðir hverju sinni sem og tryggingahlutfall viðkomandi á þeim tíma. Er þannig gert ráð fyrir að fyrirkomulag við útreikning á fjárhæð desemberuppbóta á grunnatvinnuleysisbætur taki mið af því hvernig greiðslu slíkra uppbóta hefur verið háttað undanfarin ár.

Jafnframt er lagt til að í 2. mgr. verði kveðið á að hámarksfjárhæð desemberuppbótar skuli nema 30% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum á ári hverju. Mikilvægt þykir að fjárhæð desemberuppbótar hækki til samræmis við fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta en undanfarin ár hefur verið miðað við að desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur nemi fjárhæð sem samsvarar 30% af grunnatvinnuleysisbótum hverju sinni.

Enn fremur er lagt til að í 3. mgr. verði kveðið á um að lágmarksfjárhæð desemberuppbótar skuli nema 25% af hámarksfjárhæð desemberuppbótar hverju sinni líkt og verið hefur undanfarin ár.

Auk þess er lagt til að Vinnumálastofnun skuli greiða út desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu desemberuppbóta á grunnatvinnuleysisbætur. Í því sambandi verður að gera ráð fyrir að slíkum skilyrðum sé meðal annars ætlað að tryggja að atvinnuleitandi geti

ekki fengið greidda fulla desemberuppbót á grunntatvinnuleysisbætur á sama tíma og hann fær greidda desemberuppbót að hluta eða öllu leyti frá vinnuveitanda. Hins vegar kann að vera að atvinnuleitandi geti átt rétt á hlutfallslegri desemberuppbót bæði á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar sem og frá vinnuveitenda í samræmi við þau tímabil sem hlutaðeigandi var í starfi og í atvinnuleit á sama ári.

Mikilvægt þykir að þeim sem skráður er án atvinnu í desember ár hvert sé tryggð greiðsla desemberuppbótar á grunntatvinnuleysisbætur í samræmi við það sem almennt gildir á vinnumarkaði á grundvelli kjarasamninga. Því verður að ætla að ef grundvallarbreytingar verða á því hvernig samtök aðila vinnumarkaðarins semja sín á milli um slíkar uppbætur verði fyrirkomulag við greiðslu desemberuppbóta á grunntatvinnuleysisbætur einnig endurskoðað.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.